



Orkuklasinn

NÝÁRSFUNDUR ORKUKLASANS



Alþjóðahópur  
OK

[Skrá mig](#)



Nýsköpunar  
hópur OK

[Skrá mig](#)

JANÚAR FRÉTTABRÉF 2025

# ORKUKLASANS

Árið byrjar með krafti hjá Orkuklasanum þar sem fjöldi viðburða og atburða eru keyrðir í gang. Samtalið og samvinnan er það sem skiptir máli.

Með Hugrekki og Virkni ætlar samfélag Orkuklasans að vinna markvisst að aðgerðum og leiðum til að hægt sé að styðja við undirstöðu velferðar og verðmætasköpunar í landinu. Aðildarfélagar OK eru í brúnni og við ætlum okkar að láta verkin tala, þetta snýst allt um orku! Orku til að knýja okkur sjálf áfram, samfélagið og fyrirtækin. Til þess þurfum við að efla samstarfið, deila þekkingu og sýn þannig að við sjáum þær framfarir sem allir óska eftir.

Láttu þitt ekki eftir liggja og vertu virkur félagi! Þannig höfum við áhrif



Orkuklasinn  
Aðgerðir og áhrif  
2025

[Sjá hér](#)

## Samstarf CSM og OK fer af stað

Nú á vormánuðum mun samstarf OK og CSM, Colorado School of Mines fara af stað. Keyrðir verða 2-3 vinnuhópar:

- Nýsköpun í jarðvarma
- Carbon Capture - CCUS
- Skiptináms og fræðsla

Auk þessara vinnuhópa munum við vera með opin webinars þar sem við munu fræða áheyrendur á bæði af starfsemi aðildarfélaga Orkuklasans sem og rannsóknum og niðurstöðum CSM. Frekari upplýsinga verður að finna á viðburðarsíðu OK á næstu vikum

[www.energycluster.is](http://www.energycluster.is)



Orkuklasinn

# SAMVINNA – ÞEKING – FRAMFARIR



## HEILBRIGÐUR ORKUGEIRI HEILBRIGT SAMFÉLAG

Frábær Nýársfundur Orkuklasans var haldinn í Arion banka 16. janúar sl þar sem fjölmenni úr greininni komu saman.

Mjög góð umræða fór þar fram þar staða orkumála var rædd, hvað við sem samstarfsvettvangur ætlum að gera og hversu gríðarlega mikilvægur orkugeirinn er fyrir heilbrigði samfélagsins.

Við þökkum Arion banka fyrir að hýsa þennan mikilvæga fund í þágu greinarinnar.

Upptökur frá fundinum verða aðgengilegar á vef klasans í vikunni.

## AUKIÐ SAMTAL ER LYKILLINN AÐ AUKNU SAMSTARFI

Heilbrigði hvers samfélags endurspeglast í orkukerfinu. Við verðum að viðhalda og tryggja flutningskerfið sé uppfært með reglubundnum hætti, og ef við náum ekki að nærna samfélagið að nægjanlegri orku, horfum við á næringarskort sem dregur úr mættinum og getu til verðmætasköpunar.

Vinum saman að bættu kerfi, eflum nýsköpun á öllum svæðum greinarinnar.

Þannig náum við heildstæðum árangri.



ÞETTA SNÝST ALLT UM ORKU



[www.energycluster.is](http://www.energycluster.is)



## AÐILDARFÉLAGAR Í HEIMSÓKN TIL HD



Þorvaldur Tolli - stjórnarmaður OK og sérfræðingur hjá HD

HD bauð aðildarfélögum í heimsókn í lok janúar. Þetta var frábær heimsókn, fræðandi, upplýsandi og staðfesti hversu mikilvægt það að hver hlekkur í virðiskeðjunni séu virkir og séu til staðar hér heima.

HD er eitt þeirra fyrirtækja sem veitir mikilvæga þjónustu við orku og veitufyrirtækin og getur skipt sköpun við orkuöryggi samfélagsins.

Við þökkum HD teyminu fyrir frábærar móttökur og hlökkum til að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Ef þitt félag vill bjóða í heimsókn - hafið samband: [info@energycluster.is](mailto:info@energycluster.is)

## ORKUKLASINN TÓK ÞÁTT Í PARTNERSHIP FOR GREENER HORIZON

Í samvinnu við Rannís tók OK þátt í Partnerships for Greener Horizons (EEF). Þetta er langtímavettvangur sem byggir upp samstarf og tengslamyndun á milli Rúmeníu, Íslands og Noregs á sviði viðskipta, tækni og rannsókna. Viðburðurinn er ætlaður fyrir klasa, sprotafyrirtæki, R&D stofnanir og aðra nýsköpunaraðila sem vilja efla samstarf milli þessara þjóða.

Markmið þessa viðburðar er að leiða saman aðila og byggja upp tækifæri á að brúa á milli og skapa ný tækifæri í samstarfsverkefnum og áherslum.

Þótti viðburðurinn takast mjög vel þar sem hátt 30 aðilar. OrkuKlasinn tengdist öðrum orkuklössum og tækniklasa þar sem aðilar voru opnir fyrir samtali og samvinnu. Spurningin er að fylgja eftir og skoða hvort að við náum að brúa einhverjar brýr í framtíðinni.





Orkuklasinn

# SAMVINNA – ÞEKKING – FRAMFARIR



Orkuklasinn

## AI og Tækniöryggi



**Viðar Pétur Styrkársson,**  
Advania  
Öryggisumhverfi gagna  
og spunagreindar



**Stefán Baxter, Snjallgögn**  
Gervigreind og gögn



**Hörður Helgi Helgason,**  
Landslög  
Áhrif NIS2 á orkugeirann

**Akademias.**  
Menntun fyrir tækifæri framtíðarinnar

### KRASS KÚRS ORKUKLASANS OG AKADEMIAS FÓR FRAM 20.JANÚAR

Í samvinnu við Akademias vorum við með áhugaverðan krasskúrs 20. janúar sl. þar sem kastljósinu var varpað á AI og Netöryggi. Að vissu leyti tvær hliðar á sama málinu. Við fengum Hörður Helgi Helgason hjá **Landslög-lögfræðistofa** til að fara yfir NIS2 og hvað auknar kröfur þýða fyrir orkufyrirtæki á Íslandi.

**Stefán Baxter**, stofnandi **Snjallgagna**, fjallaði um hvað er hægt að gera og ekki gera með spunagreind og hvernig má nota AI til þess að skapa tækifæri í orkugeiranum. **Viðar Pétur Styrkársson** hjá **Advania** fjallaði um hvernig við getum notað spjallmenni og AI erindreka til þess að leysa vandamál á miklu styttri tíma en ella.

Skilaboðin voru skýr - við þurfum virkilega að hafa augu og eyru opin og spýta í lófana hér á landi bæði þegar kemur að netöryggi og nýtingu gervigreindar í viðskiptalífinu. Við viljum þakka Akademias fyrir frábæran fund og hlökkum til næsta. Hvetjum félaga til að deila með stjórnendum hvað næsti krasskúrs ætti að leggja áherslu á!



Viðar Pétur Styrkársson, Advania



Stefán Baxter, Snjallgögn




# SAMVINNA – ÞEKING – FRAMFARIR

OrkuKlasinn



## AÐILDARFÉLAGAR ORKUKLASANS

Aðildarfélagar OrkuKlasans janúar 2025



Heildarfjöldi Aðildarféлага 48 +

[Kynntu þér starfseminu þeirra](#)

OrkuKlasans - er fyrirtækjadrifinn þverfaglegur samstarfsvettvangur og stendur fyrir verkefnadrifnum aðgerðum þar sem þekking, samvinna og framþróun eru höfð að leiðarljósi.



Sérstaða OrkuKlasans eru aðildarfélagarnir og þekking þeirra á sviðinu og byggt hafa upp samstarfið í yfir táratug. Með þverfaglegu samstarfi þvert á virðiskeðjuna og aðrar atvinnugreinar er hægt a hraða fyrir auknum árangri og tryggja heildarávinningur.

## NÝIR AÐILAR AÐ ORKUKLASANUM

Við erum hrikalega stolt að deila með ykkur að enn eru fleiri að bætast í fjölskyldu OrkuKlasans en nú í upphafi árs hafa komið til liðs við okkur. Við bjóðum nýja félaga hjartanlega velkomna í samstarfið


Polk - [www.polk.is](http://www.polk.is) - umboðsaðili Black Dürr á Íslandi  
Snerpa Power - [www.snerpapower.is](http://www.snerpapower.is)

Verið velcomin í OrkuKlasann



## FLEIRI HENDUR Á DEKK

Orkuklasinn hefur fengið liðsauka frá meistaranemum við Háskólann í Reykjavík. Það er sérstaklega kærkomið þar sem við erum með mörg járn í eldinum. Tveir öflugir ungir menn munu starfa með okkur á vormisseri og vonum við að þið takið beiðnum þeirra vel þegar kemur að því að þeir setji sig í samband við ykkur! Við bjóðum Christopher og Lukas velkomna til leiks:



### Christopher Wynne-Joyce

Christopher mun vinna verkefni á sviði nýsköpunar og leiða kortlagningu nýsköpunarkorts á sviði endurnýjanlegrar orku.



<https://www.linkedin.com/in/christopher-wynne-joyce>



### Lukas Drexler

Lukas mun starfa að verkefnum tengt jarðvarma og vinna með vinnuhópum Orkuklasans og Colorado School of Mines



<https://www.linkedin.com/in/lukas-drexler>

## FRAMUNDAN HJÁ ORKUKLASANUM:



### Kortlagning nýsköpunarkorts Orkuklasans

Nú er að fara af stað kortlagning nýsköpunarkorts OK sem mun nýtast allri greininni. Mikilvægt er að sem flestir sjái sér fært á að vera með og taki vel í beiðnir þegar þær munu berast í næstu viku. Byrjað verður á könnun sem nýtist á vinnustofunni.

**Vinnustofa 28.febrúar - [skrá þig hér](#)**



**Með byr í seglin - 5.mars**

í samvinnu við KPMG verður opinn fundur um vindorku í byrjun mars

**[Skráning hér](#)**

Fylgdu okkur á samfélagsmiðlum:

